

# STJÓRNARTÍÐINDI B 80 – 1989

---

1. desember 1989

1110

Nr. 559

## REGLUGERÐ

### um bann við línuveiðum á Grímseyjarsundi.

1. gr.

Frá og með 4. desember 1989 eru allar línuveiðar bannaðar á svæði sem markast af eftirgreindum punktum:

1. 66°29'04 N — 18°00'18 V
2. 66°29'46 N — 17°50'31 V
3. 66°13'01 N — 18°02'55 V
4. 66°14'13 N — 17°48'48 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 1. desember 1989.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Pórður Eyþórsson.*

24. nóvember 1989

Nr. 560

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 257 24. maí 1989, um bensíngjald.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 297/1989, orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald – bensíngjald – af bensíni. Af bensíni sem fellur undir tollskrárnúmer 2710.0012 skal greiða gjald sem nemur 17,74 kr. af hverjum lítra. Af bensíni sem fellur undir tollskrárnúmer 2710.0019 skal greiða gjald sem nemur 19,39 kr. af hverjum lítra.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, öðlast gildi þann 2. desember 1989.

*Fjármálaráðuneytið, 24. nóvember 1989.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

*Snorri Olsen.*